

Íbúaráð Vesturbæjar

Ár 2024, mánudagurinn, 16. desember, var haldinn 51. fundur íbúaráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð og hófst kl. 16.02. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Stein Olav Romslo, Ágústa Guðmundsdóttir, Bjarni Magnússon og Halldór Bachmann. Einnig sátu fundinn Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Sigprúður Erla Arnardóttir sem sat fundinn með rafrænum hætti.

Þetta gerðist:

- Fram fer kynning á breytingum á sánuaðstöðu í Vesturbæjarlaug. MSS22090034
Anna Kristín Sigurðardóttir og Helga Friðriksdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 16.04 tekur Þórhallur Aðalsteinsson sæti á fundinum.
- Kl. 16.05 tekur Martin Swift sæti á fundinum.
- Lagt fram bréf íbúa í Vesturbæ, dags. 11. desember 2024, um breytingar á sánuaðstöðu í Vesturbæjarlaug. MSS22090034
- Fram fer kynning á áætlunum uppbyggingaraðila á Vesturbugt. MSS24120044
Örn Kjartansson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Fram fer umræða um bílastæðamál og gjaldskyldu í Vesturbæ. MSS24120045
- Lögð fram drög að umsögn íbúaráðs Vesturbæjar, dags. 16. desember 2024. Einnig lagt fram að nýju bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. október, með umsagnarbeiðni um drög að ljósvistarstefnu ásamt fylgiskjali, sbr. 3. liður fundargerðar ráðsins frá 18. nóvember 2024. USK190115
Samþykkt.
- Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 28. nóvember 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, Niðurfelling nærþjónustukjarna að Einarsnesi 36. USK24020304
Samþykkt að ítreka umsögn ráðsins á fyrri stigum málsins.
- Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 20. nóvember 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, Borgarlína 1. lota – Ártún-Fossvogsbrú. USK24080320
Frestað.
- Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034

Fundi slitið kl. 18:00

Stein Olav Romslo

Halldór Bachmann
Ágústa Guðmundsdóttir
Þórhallur Aðalsteinsson

Martin Swift
Bjarni Magnússon